

1868.
21. ágúst. fara fram úr 600 rd. alls, því að stjórnarráðið ætlast til, að kennslubókin eigi ekki að vera lengri en hërubil 30 arkir. Því skal við bætt, að þeir 100 rd., sem nefndir eru hér að framan, munu að tilhlutun stjórnarráðsins verða borgaðir yður úr aðalféhirzlu ríkisins.

25. ágúst. 50. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturumdæminu, um framfærslurètt sveitarómaga.

Með bréfi dagsettu 25. júnímán. þ. á. hafið þér, herra amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem hreppstjórinn í Kolbeinstaðahrepp í Mýra- og Hnappadalssýslu, H. J. Hjaltalin, fer þess á leit, að úrskurður vesturamtsins, uppkveðinn 16. janúarmán. 1861, er ákveður að ekkja og börn Jóns nokkurs Jónssonar skuli eiga framfærslurètt á fæðingarhrepp hans, Kolbeinstaðahrepp, verði rannsakaður á ný vegna nokkurra nýrra upplýsinga, sem tæður hreppstjóri hefir útvegað, og eiga að leiða rök að því, að ofan nefndur Jón Jónsson hafi dvalið í 5 ár samfleytt í Neshrepp innri í Snæfellsnessýslu og þannig áunnið sèr þar framfærslurètt, en ef að þér, herra amtmaður, treystist ekki til að breyta amtsúrskurðinum sjálfur, að þér þá komið málinu á framfæri til stjórnarinnar til úrslita.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að með því að það ekki er sannað með þeim upplýsingum, sem ofan nefndur hreppstjóri hefir útvegað og hann skýrskotar til, að Jón þessi Jónsson hafi áunnið sèr framfærslurètt í Neshrepp innri, og það er ekki heldur sannað, að hann hafi áunnið sèr framfærslurètt í neinni annari sveit, þá skal amtsúrskurðurinn 16. janúarmán. 1861¹, sem nefndur er hér að framan, standa óhaggaður.

¹) Amtsúrskurðurinn er svolátandi:

Með bréfi dagsettu i dag hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað bréf til yðar frá sýslumanninum í Mýra og Hnappadals sýslu, dag-

51. Konungleg Auglýsing um, að konungur hafi aptur tekið við ríkisstjórninni.

1868.

1. septbr.

Vér Kristján hinn Níundi o. s. frv. Gjörum konnugt: Nú er Vér erum aptur heim komnir úr ferð Vorri til útlanda, kunn-gjörum Vér Vorum kæru og trúu þegnum hér með, að Vér höfum Sjálfir í dag tekið við ríkisstjórninni, er í fjærveru Vorri hefir verið falin á hendur Vorum ástfóligna syni, hans konunglegu tign Kristjáni Vilhjálmi Friðriki Karli konungsefni, samkvæmt bráða-birgðalögum 10. f. m.

sett 4. f. m., um framfærslurétt ekkjunnar Margrétar Jónasdóttur frá Grímsstöðum í Breiðuvík; játar hinn síðast nefndi embættis-maður þar að vísu, að maður Margrétar, Jón sálugi Jónsson, sé fæddur á Snorrastöðum í Kolbeinstaðahrepp, en biður þó um, að áður en lagður sé úrskurður á málið fyrir fullt og allt, verði gjörð ítarlegri rannsókn um dvöl Jóns annarstaðar, einkum á Skarðs-strönd í Dalasýslu, og hafið þér því æskt þess, að ef að ekki megi nú þegar leggja úrskurð á málið fyrir fullt og allt, þá verði því þó fyrst um sinn ráðið svo til lykta, að Margrét Jónasdóttir fái framfærslu af Kolbeinstaðahrepp, og að honum verði gjört að skyldu að endurgjalda styrk þann, er hún hefir fengið fyrirfram af Breiðuvíkurrepp, 24 vættir 20 fiska að upphæð.

Útaf þessu læt eg ekki hjálíða að tilkynna yður, herra sýslumaður, það sem hér fer á eptir, til þess að þér gjörð ráðstafanir þær, sem við þarf:

Eptir að amtið samkvæmt áskorun yðar hafði boðið sýslu-manninum í Dalasýslu með bréfi 1. okt. f. á., að halda reglulegt próf um dvöl Jóns heitins Jónssonar í Skarðsstrandahrepp, þar sem líklegt var af mörgum ástæðum að hann hefði áunnið sér framfærslurétt, hefir tæður sýslumaður með bréfi 31. s. m., er eg tók við 17. nóv. þar á eptir, sent hingað eptirrit af prófinu ásamt nokkrum öðrum fylgiskjölum um þetta mál. Með þessu prófi verður nú að álita sannað, að opt nefndur Jón Jónsson hafi átt dvöl í Skarðsstrandahrepp sem kaupamaður um sláttinn sumarið 1844, og farið þaðan aptur um haustið suður í Snæfellsnessýslu, þaðan sem hann var kominn, og að hann næsta vor 1815 hafi farið vistferlum í Skarðsstrandahrepp, þar hafi hann verið sem hjú sam-

1868.

4. septbr.

**52. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um sekt fyrir ólög-
mætar fiskiveiðar.**

Til framhalds bréfum dómsmálastjórnarinnar 26. marzmán. og 19. júnímán. þ. á. skal yður hér með kunngjört, herra amtmaður, að utanríkisstjórnin nú hefir sent hingað 50 rd., er

fleytt þangað til á einmánuði 1849, eða í 4 ár, er hann flutti sig með allt sitt suður í Snæfellsnessýslu. Amtið gat þannig ekki með úrskurði sínum dæmt hyski Jóns sáluga sveitlægt á Skarðsstrandarhrepp, en af því leiðir aptur, að fæðingarhrepnr Jóns Jónssonar — þareð hann samkvæmt skýrslum þeim, sem hingað hafa komið um verustaði hans, ekki neinstaðar annarstaðar hefir dvalið svo lengi samfleytt, eins og þarf til að vinna sér sveit — verður að annast hyski hans framvegis, og að endurgjalda styrk þann, er það hefir fengið fyrirfram af Breiðuvíkurbrepp.

Þareð það nú verður að álitast fullsannað samkvæmt framangreindu bréfi sýslumannsins í Mýra- og Hnappadalssýslu, að tæður Jón Jónsson sé fæddur á Snorrastöðum í Kolbeinstaðahrepp, og því eru enn fremur til stuðnings skýrteini, er hingað hafa borizt frá þremur áreiðanlegum mönnum í Breiðuvíkurbrepp og Staðarsveit, er verður að álita óvilhalla, því fremur, sem aldrei hefir verið umtalsmál að Jón sálugi ætti tilkall til að vera sveitlagur í hvorugum þeirra hreppa, þá úrskurðar amtið hér með, að Margrét Jónasdóttir á Grimstöðum, ekkja Jóns heitins Jónssonar, skuli ásamt börnum sínum eiga sveit á Kolbeinsstaðahrepp í Hnappadalssýslu, og að hreppurinn skuli endurgjalda bráðabirgðastyrk þann, 24 vættir og 20 fiska að upphæð, sem ekkjunni hefir verið hjálpað nm af Breiðuvíkurbrepp í Snæfellsnessýslu, og verður sveitarstjórnin í Breiðuvíkurbrepp að fara hinni mestu sanngirni fram í heimtingu kröfu þessarar, þareð það, bæði vegna þess að hinn umræddi bráðabirgðastyrkur er orðinn allmikill, og vegna hins bágborna ástands hreppanna hér um allt, sem kemur af undanförunum harðærum, verður ómögulegt fyrir Kolbeinstaðahrepp að ljúka allri skuldinni í einu.

Af þessum úrskurði hefir amtið sent sýslumanninum í Mýra- og Hnappadalssýslu eptirrit í dag, og skorað á hann að gjöra allar þær ráðstafanir, er með þarf, til þess að tekið verði við Margrétu Jónasdóttur og börnum hennar í Kolbeinstaðahrepp.